

Hugmynd að góðri helgi á Magma Hótel



FIMMTUDAGUR

Það tekur rétt um 3 tíma að keyra frá Reykjavík til Kirkjubæjarklausturs. Ef þú ert að keyra frá Reykjavík, þá er upplagt að leggja af stað eftir vinnu, stoppa á leiðinni og prófa einhvern af þeim frábæru veitingastöðum sem er að finna á Suðurlandi. Þegar komið er á hótelið seint um kvöldið, þá er lítið annað að gera en koma sér vel fyrir inná herbergi, leggjast í þægilegt rúmið og jafnvel horfa á einn góðan þátt á NETFLIX fyrir svefninn.

Dæmi um áhugaverða veitingastaði á Suðurlandi:

- ◊ **Matkráin**, Hveragerði www.matkrain.is
- ◊ **Skyrgerðin**, Hveragerði www.skyrgerdin.is
- ◊ **Tryggvaskáli**, Selfoss www.tryggvaskali.is
- ◊ **Kaffi krús**, Selfoss www.kaffikrus.is
- ◊ **Smiðjan Brugghús**, Vík í Mýrdal www.smidjanbrugghus.is
- ◊ **Suður Vík**, Vík í Mýrdal www.facebook.com/Sudurvik/

FÖSTUDAGUR

Dagurinn byrjar með morgunverði inni á herbergi. Því næst er upplagt að skella sér í hlý fót og velja hentuga gönguleið á svæðinu. Fyrir stutta ferð frá hótelinu þá er Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri áhugaverður staður til kíkjá á, sem og Fjaðrárgljúfur. Í lok hressandi göngu er tilvalið að slappa af í heitu pottunum í sundlauginni á Kirkjubæjarklaustri.

Við mælum einnig með að nýta daginn í að koma sér þægilega fyrir inn á herbergi með góða bók í hönd, hlýja ullarsokka á fótum og með rjúkandi heitt kaffi í bolla. Í lok dags er það svo notaleg stund á veitingastað hótelsins, Bistro 1783. Við mælum með andalæri og glasi af góðu Pinot Noir eða Bleikju úr héraði og glasi af góðu Chardonnay. Munið að líta upp ef himininn er heiðskýr því staðsetning Magma Hótel er frábærlega til þess fallin að fylgjast með dansandi norðurljósum.





LAUGARDAGUR

Morguninn byrjar með girnilegu morgunverðarhlaðborði á veitingastað hótelsins. Í dag mælum við með því að gestir upplifi það að vera ferðamenn í eigin landi og heimsæki Vatnajökul. Hundruð þúsunda útlendinga fara í jöklagöngu og heimsækja íshella á hverju ári og það er eitthvað sem við mælum með. Annað sem hægt væri að gera er að keyra að Jökulsárlóni, skoða lónið sem og hina svokölluðu Demantaströnd fyrir neðan brúna, en þar má oft sjá skemmtilega íshnullunga á ströndinni sem hafa borist frá jöklinum. Ekki gleyma svo að keyra örlítið lengra austur en oft er hægt að rekast á Hreindýr í stuttri ökurferð frá Jökulsárlóninu.

Í lok dags er upplagt að taka með sér drykk inn á herbergi og gera sig þrúðbúin fyrir matarveislu kvöldsins á veitingastað hótelsins.

◊ Jöklaganga og íshellaferð: www.fjallaleidsogumenn.is

SUNNUDAGUR

Það þarf enginn af flýta sér í dag því morgunmaturinn á hótelinu er til klukkan 12:00 og útskráning er til 16:00. Við mælum þó með því að gestir okkar nýti ferðina heim og upplifi eitthvað af þeirri fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði á Suðurlandi. Við mælum meðal annars með að sjá Lava Show í Vík og bragða matarmikla súpu hjá Súpufélaginu. Einnig er tækifæri í dag til þess að þeysast um á fjórhjólum yfir Sólheimasand eða fara í jöklagöngu á Sólheimajökli.

- ◊ Lava Show, Vík í Mýrdal www.icelandiclavashow.com
- ◊ Súpufélagið, Vík í Mýrdal www.thesoupcompanyiceland.com
- ◊ Afþreying á Suðurlandi: www.fjallaleidsogumenn.is

